


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ	Námsver (NVER1SN02)	
Síða 1 af 2		

Kennari	Björk Pálmadóttir Inga Björg Ólafsdóttir Helga Jónasdóttir Hilmar Friðjónsson Rannveig Karlsdóttir	Sk.st.	BPÁ IBÓ HEL HIF RAN
----------------	--	---------------	---------------------------------

Áfangalýsing:

Þessi áfangi er sérstaklega hugsaður fyrir þá nemendur sem skilgreindir hafa verið með ákveðna námsörðugleika en einnig þá nemendur sem einhverra hluta vegna náðu ekki lágmarksárangri á grunnskólaprófi.

Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta styrkleika nemenda og ná árangri í námi. Sjálfsmynd nemenda er markvisst styrkt með æfingum og þjálfun í þeim atriðum sem þeir eiga í erfiðleikum með í námi sínu.

Við upphaf annarinnar eru allir nemendur kallaðir inn í viðtal þar sem þeir fá tækifæri til að upplýsa kennara um það hvað það er sem þeir telja helst valda þeim vandræðum í námi. Hugmyndir til úrlausnar eru lagðar fram og þeim fylgt eftir í umræðum, verkefnum og sjálfsmati.

Mikil áhersla er lögð á það að nemendur taki ábyrgð á sjálfum sér sem námsmenn og nái að nýta sér þá hæfileika sem þeir búa yfir.

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:


- námskröfum skólans
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- árangursríkum námsaðferðum
- leiðum til að efla sjálfsmynd og eiga góð samskipti við aðra

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta tíma sinn vel og nota námsaðferðir sem skila árangri
- setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- eiga góð samskipti við aðra

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- efla styrkleika sína og vinna að því að þeir nýtist sem best

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Námsver (NVER1SN02)	Námsáætlun (haust 2016)

Námsgögn:

Ekki er notast við sérstaka kennslubók í áfanganum en nemendur verða að eiga þær námsbækur og gögn sem þeir eru að nota í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í. Ýmis verkefni og gögn frá kennurum.

Áætlun um yfirferð:


Þar sem áfanginn byggist að mestu leyti á efni og námsáætlunum annarra grunnáfanga í kjarnagreinum (íslenska, stærðfræði og enska) ræður verkefnaálag þar. Fylgt verður kennsluáætlun viðkomandi áfanga og er nemendum leiðbeint eins og þurfa þykir. Nemendur vinna að þeim verkefnum sem fylgja kjarnagreinunum en einnig verða unnin ólík verkefni sem miða að því að auka og dýpka skilning á viðkomandi efni sem og að festa betur í minni með endurtekningu. Reglulega eiga nemendur að fara yfir stöðu sína með því að skrá í leiðabók hver staðan er eftir tiltekið tímabil og hvernig er hægt að halda áfram ásamt því að setja sér markmið.


Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega. Í lok annarinnar verður frammistaða nemenda metin og fá í kjölfarið annaðhvort staðið (S) eða fall (F). Við mat verða eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar, virkni, markmiðssetning, skil á leiðabók, hópskýrsla og sjálfsmat.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Virkni	Ástundun og virkni í tímum.	50%	
Ábyrgð og markmið	Ábyrgð á eigin námi og verkefnum. Markmiðssetning.	10%	
Leiðabók	Skil á færslum í leiðabók á Moodle vef námskeiðsins.	20%	
Lokaskýrsla	Skil á skýrslu um áfangann. Nemendur vinna að skýrslunni í hópum.	15%	
Sjálfsmat	Mat nemenda á frammistöðu sinni á önninni.	5%	
		Samtals:	100%
Annað:	<u>Nemendur athugi að tímar falla ekki niður þó einhverjir kennara námsversins séu fjarverandi.</u>		

Dagsetning: 9. sept. 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils